

Skýrsla stjórnar BHM 2004-2006

Inngangur

Eins og gefur að skilja getur skýrsla stjórnar aldrei gefið fullnægjandi mynd af starfsemi Bandalags háskólamanna þau tvö ár sem líða milli aðalfunda. Hér á eftir verður hins vegar stiklað á stóru og reynt að gera grein fyrir því helsta sem á dagana hefur drifið. Þá er bent á fundargerðir miðstjórnar sem eru á heimasíðu BHM en þær eru afar mikilvæg heimild um starfsemi og helstu ákvarðanir bandalagsins.

Kjaramál

Í starfsáætlun Bandalags háskólamanna fyrir árin 2004-2006 voru kjaramál fyrirferðarmest enda stutt í að samningar yrðu lausir. Skömmu eftir aðalfund vorið 2004 hélt rúmlega tuttugu manna hópur fulltrúa BHM og aðildarfélaga til Noregs og var markmið ferðarinnar að heimsækja systurfélög þar í landi og stilla saman strengi fyrir komandi kjarabaráttu. Ferðin var afar gagnleg og má segja að þar hafi verið lagður grunnur að samfloti aðildarfélaganna í viðræðum þeirra við ríkið, en hugmyndir um samstarf við kjarasamningsgerðina voru fyrst ræddar í kjarakaffi haustið 2003. Ákvörðun um sameiginlega kröfugerð og eina viðræðunefnd með umboð í tiltekinn tíma var tekin á auka miðstjórnarfundi 1. september 2004 en eins og kunnugt er þróuðust mál þannig að sameiginlega nefndin gekk á endanum frá kjarasamningi fyrir 24 af aðildarfélögum BHM þann 28. febrúar 2005 en Félag íslenskra náttúrufræðinga hafði ákveðið að vera ekki með í samflotinu í janúarbyrjun. Helstu nýjungar þessa samnings voru sameiginleg launatafla frá 1. maí 2006 þar sem lægsta launatalan er 200 þúsund, meiri upphafshækkun til þeirra aðildarfélaga sem voru með lægstu meðallaunin, fé til stofnanasamninga og einn stofnanasamningur á hverri stofnun. Auk þess var samið um eingreiðslu fyrir þá mánuði sem við vorum samningslaus. Nokkur tími fór í kynningar á samningnum og atkvæðagreiðslur en öll aðildarfélög utan Stéttarfélags sálfræðinga samþykktu samninginn. Vinna við stofnanasamninga hefur gengið framur vonum þótt ekki sé þeim alls staðar lokið og hafa margir samstarfsnefndarmenn lýst þeirri skoðun að opinskáar umræður um ábyrgð, menntunarkröfur og annað sem máli skiptir við röðun starfa hafi stuðlað að réttlátara og gagnsærra launakerfi. Þeir sem að samningnum stóðu telja líka að hann sé öflugt tæki til að takast á við kynbundinn launamun og verður fróðlegt að sjá hvort hann dugir til að koma hefðbundnum kvennastéttum innan bandalagsins á þar við aðra hópa með svipaða menntun.

Áður en eiginlegar kjaraviðræður hófust fóru fram viðræður heildarsamtaka opinberra starfsmanna við ríki og sveitarfélög um ýmis réttindamál. Samkomulag náðist í nokkrum mikilvægum atriðum, þótt það ylli vonbrigðum að samninganefnd ríkisins ákvað að ljúka ekki við samkomulag um fyrirkomulag og fjármögnun trúnaðarmannakerfis. Samið var um hækkun framlags í Fjölskyldu- og styrktarsjóð um 0,14%, eða í 0,55% í stað 0,41%. Þá náðist fram umtalsverð hækkun örorkubóta vegna slyss í starfi. Bótafjárhæð fyrir 100% örorku hækkar úr tæpum 15 milljónum króna í tæpar 25 milljónir, eða um 67%. Þá er það líka merkur áfangi að samningsaðilar urðu sammála um bókun þess efnis að starfsmenn sem verða fyrir líkams- eða munatjóni af hendi einstaklings sem að takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum eigi rétt á að beina bótakröfu til launagreiðanda. Einnig var skrifað undir yfirlýsingu þess efnis að málefni vaktavinnufólks yrðu skoðuð sérstaklega á næstu mánuðum með það í huga að gera starfsumhverfi vaktavinnufólks meira aðlaðandi. Rannsóknarstofa í vinnuvernd var fengin til að sjá um rannsókn á högum starfsmanna sem ganga vaktir og voru niðurstöður kynntar á ráðstefnu þann 17. mars 2006. Þar sem fyrrgreind rannsókn byggði aðeins á viðtölum við nokkra rýnihópa var ákveðið að þörf væri á almennri viðhorfsskönnun meðal vaktavinnufólks og verður hún væntanlega framkvæmd á næstunni.

Liður í undirbúningi fyrir kjarasamningsviðræður voru viðamiklar kannanir á launaþróun meðal félagsmanna aðildarfélaganna BHM sem dr. Sveinn Agnarsson vann og starfskjarakönnun meðal félagsmanna BHM, BSRB og KÍ sem Félagsvísindastofnun annaðist en könnunin var fyrsta verkefni Hagranssóknarstofnunar samtaka launafólks í almannajónustu (HASLA). Síðarnefnda könnunni leiddi í ljós töluverðan mun á launum kynjanna því karlar voru með um það bil 17% hærri heildarlaun en konur með sambærilega menntun í sambærilegum störfum. Þessar niðurstöður komu því miður ekki á óvart enda ljóst að töluverður munur væri á launum einstakra hópa innan BHM og að það væru einkum kvennastéttir sem vermdu botninni. Gunnar Gunnarsson hagfræðingur var svo fenginn til vinna heilmikinn gagnagrunn sem byggði á kjaraupplýsingum frá Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna og nýttist hann vel í samningaviðræðunum.

Boðið var upp á samningatækninámskeið fyrir samninganefndir aðildarfélaganna haustið 2004 sem Vigdís Jónsdóttir hagfræðingur sá um en hún hélt einnig erindi sem hún nefndi Laun og hvatning á námskeiði þar sem Ágústa Hlín Gústafsdóttir fjallaði um starfsmannastjórnun, frammistöðumat og endurgjöf. Í samkomulaginu við ríkið var kveðið á um sameiginlega fræðslu vegna stofnanasamninga fyrir fulltrúa í samstarfsnefndum og sérstakt ráðgjafateymi sem hefði það hlutverk að veita samstarfsnefndum ráðgjöf og aðstoð við samningsgerðina. Í kjölfar könnunar sem send var samstarfsnefndarfulltrúum 17 stofnana var ákveðið að hafa fræðsluna tvíþætta; annars vegar var boðið upp á stóra fræðslufundi í október þar sem farið var yfir helstu markmið stofnanasamninga og hlutverk og skyldur samstarfsnefnda en í framhaldinu var svo boðið upp á sex tíma námskeið þar sem reynt var að miðla raunhæfri þekkingu sem myndi nýtast beint í samningagerðinni. Alls urðu námskeið þessi um þrjátíu og sótt af um 900 fulltrúum stéttarféлага og stofnana í samstarfsnefndum.

Launanefnd sveitarféлага (LN) sem er með umboð frá flestum sveitarfélögum til að gera kjarasamninga fyrir þeirra hönd sendi BHM bréf í ársbyrjun 2005 þar sem farið var fram á samstarf um samræmingu kjarasamninga aðildarfélaganna bandalagsins. Til að mæta því var skipaður hópur til að ræða þau atriði sem fallið gætu undir réttindamál og önnur sameiginleg hagsmunamál. Reykjavíkurborg óskaði sömuleiðis eftir nánara samstarfi aðildarfélaganna en samningar borgarinnar við félög innan BHM losnuðu þann 30. nóvember 2005 líkt og samningar við önnur sveitarfélög. Ekki varð af formlegu samstarfi en félögin höfðu hins vegar með sér þó nokkurt samráð í samningsferlinu. Öll félögin hafa lokið gerð kjarasamninga við þessa aðila að því undanskildu að FÍN og FÍh eiga enn ósamið við LN.

Í tengslum við kjarasamninga aðildarfélaganna BHM og BSRB við Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH) á liðnu ári var skrifað undir yfirlýsingu þess efnis að farið yrði í sameiginlega vinnu við að skoða réttindamálin sérstaklega. Hingað til hafa samningar sem samtökin (eða einstakar stofnanir) hafa gert verið samhljóða samningunum aðildarfélaganna við ríkið og með tilvísun í þá, en nú vilja samtökin gjarnan að tekið verði meira tillit til þess að stofnanirnar sem þau reka séu ekki opinberar stofnanir. Einkum eru það tvö atriði sem samtökin vilja losna undan; þ.e. áminningar- og auglýsingaskyldan. Ekki er komin niðurstaða í viðræðurnar sem hafa legið niðri síðustu vikur, m.a. vegna launabaráttu ófaglærðra starfsmanna.

Tilraunir til kjarasamningsgerðar á almennum vinnumarkaði hafa enn ekki borið árangur en sérstök viðræðunefnd sem miðstjórn skipaði haustið 2003 verður starfandi þar til samningar nást. Nefndin hefur haft hægt um sig að undanfögnu enda hefur verið í nógu að snúast við aðra

samninga. Í kjölfar álits Rgnars H. Hall lögmanns þess efnis að Samtök atvinnulífsins geti ekki neitað okkur um kjarasamning fyrir þá félagsmenn sem starfa í fyrirtækjum innan SA verður baráttan tekin upp að nýju af fullum krafti og hefur viðræðunefndin þegar efnt til fundar.

Húsnæðismál

Heilmiklu púðri var eytt í leit að hentugu húsnæði fyrir BHM og aðildarfélögin á síðasta kjörtímabili. Húsnæðið í Lágmúla var orðið þröngt vegna aukinna umsvifa auk þess sem Proskafjálfafélag Íslands og Ljósmeðrafélag Íslands höfðu sýnt því áhuga að bætast í hópinn. Þrátt fyrir ótal skoðunarferðir og nokkur tilboð varð ekkert af kaupum og á fundi stjórnar í lok apríl 2006 var ákveðið að hætta leit í bili, enda stutt í kjarasamningagerð. En staðan breyttist mjög skyndilega og á miðstjórnarfundi í júní voru húsnæðismálin aftur til umræðu. Þórólfur Antonsson (FIN) skýrði þá frá því að nýjar hugmyndir hefðu skotið upp kollinum í húsnæðismálunum sem taka þyrfti afstöðu til fljótlega. Sá möguleiki virtist kominn upp að kaupa hæð í Borgartúni 6 (Rúgbrauðsgerðin), en í byggingunni væru kjallari, tvær hæðir undir skrifstofuhúsnæði og salir á þriðju hæð og í risi. Flatarmál hverrar hæðar væri um eitt þúsund fermetrar. Snorri Hjaltason verktaki væri tilbúinn til að kaupa bygginguna af ríkinu, innrétt eftir okkar kröfum og endurselja okkur. Er skemmst frá því að segja að skrifað var undir samning um kaup á 900 fermetrum á annarri hæð hússins í lok árs 2004 og var þar gert ráð fyrir afhendingu fullbúins húsnæðis 15. janúar 2006. Upphaflega var gert ráð fyrir að eigandi hússins myndi ráðstafa þeim 100 fermetrum sem út af stóðu á hæðinni en stjórn tók síðar ákvörðun um að kaupa alla hæðina og eiga þannig möguleika á að bæta við starfseminu í framtíðinni. Afhending dróst lítillega en á alþjóðlegum baráttudegi kvenna þann 8. mars 2006 var loks flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði og var starfsfólk í góðri sambúð með iðnaðarmönnum fyrstu vikunnar. Auk BHM og sjóðanna eru 15 félög með skrifstofur í Borgartúninu en eigendur auk BHM eru Útgarður, FÍN, ÞÍ, LMFÍ, SFÍ, SIGL og KVH. Í tengslum við flutningana var mikið álag á starfsmenn og er þeim sérstaklega þakkað fyrir framlag sitt. Öll aðstaða í Borgartúninu er til fyrirmyndar, hátt til lofts og vítt til veggja, og nægir fundarsalir. Á þeim stutta tíma sem við höfum verið í húsinu hefur sannast að þessi góða aðstaða er hvetjandi fyrir starfseminu og án efa verður hún til að til að efla samstarf aðildarfélaganna enn frekar. Þann 28. apríl sl. var haldið innflutningsteiti fyrir forystu aðildarfélaganna og starfsfólk, samsherja og viðsemjendur sem tókst afar vel.

Framkvæmdastjóranskipti

Þann 1. júlí 2005 var þáverandi framkvæmdastjóri, Gísli Tryggvason, skipaður í nýtt embætti talsmanns neytenda. Gísli hætti störfum fyrir bandalagið mánuði síðar en hafði þá starfað sem framkvæmdastjóri BHM og sjóða frá því í árslok 1998 og eru honum þökkud vel unnin störf í þágu bandalagsins. Starf framkvæmdastjóra var auglýst laust til umsóknar um svipað leiti og bærust fimmtán umsóknir frá mjög hæfum einstaklingum í kjölfarið. Að vandlega yfirveguðu máli var ákveðið að ráða Stefán Aðalsteinsson rekstrarhagfræðing sem nýjan framkvæmdastjóra og hóf hann störf um miðjan október sl. Stefán var ekki ókunnugur starfsemi bandalagsins þar sem hann hafði setið í stjórn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga auk þess að vera gjaldkeri í stjórn BHM frá vori 2004 til þess að hann sagði sig frá stjórnarsetu er hann var ráðinn framkvæmdastjóri.

Aðildarmál

Á árunum 2002-2004 könnuðu nokkrir hópar aðildarmöguleika að bandalaginu og fóru formaður og framkvæmdastjóri á ófáa fundi í þeim tilgangi að kynna BHM, starfsemi þess og sjóðanna. Einn hópurinn sem til okkar leitaði var Leikarafélag Íslands, en innan þess félags

eru leikarar Þjóðleikhússins. Formleg umsókn um aðild barst aðalfundi vorið 2004 og var samhljóða samþykkt að taka félagið inn sem 25. aðildarfélag bandalagsins. Í kjölfar þess hafði formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM) samband við formann BHM til að kanna möguleika á því að félagsmenn SÍM fengju inngöngu í bandalagið. Fyrsti fundur með formanni og framkvæmdastjóra BHM og formanni SÍM var haldinn vorið 2004 en síðar komu m.a. að málinu fjármálastjóri BHM og framkvæmdastjóri SÍM. Á fundunum voru rædd pólitísk og fjárhagsleg álitamál enda ljóst að innan SÍM eru einkum sjálfstætt starfandi listamenn sem eru ekki launamenn í hefðbundnum skilningi. Samkvæmt lögum SÍM er sambandið hagsmuna- og stéttarfélag myndlistarmanna. Stéttarfélagspættinum hefur lítið verið sinnt enda engin beinn viðsemjandi þar sem myndlistarmenn eru upp til hópa einyrkjar. Þar af leiðandi eru engir sjóðir sambærilegir við orlofs-, sjúkra- og starfsmenntunarsjóð í vörslu sambandsins og ekkert launungarmál að það er ekki síst aðild að sjúkrasjóði sem freistar SÍM. Aðildarumsókn, dagsett 14. júní 2005, hefur fengið þó nokkra umfjöllun í miðstjórn en nú liggur fyrir aðalfundi að afgreiða hana formlega.

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu Félag prófessora heim þann 1. nóvember 2005. Á þeim fundi var einkum verið að ræða kosti og galla aðildar að BHM en félagið er eins og kunnugt er ekki stéttarfélag enda heyra prófessorar undir kjarnefnd. Í janúarbyrjun sendi félagið stjórn BHM svo bréf þar sem spurt var hvort Styrktarsjóður BHM gæti orðið vörsluaðili fyrir sambærileg framlög frá ríkinu og sjóðurinn fær vegna félagsmanna aðildarfélaga bandalagsins. Þar sem sjóðaaðild hefur hingað til verið skilyrt því að sjóðfélagar geti þeir einir orðið sem eru í aðildarfélagi innan BHM var ákveðið að skipa sérstaka nefnd sem færi yfir aðildarmálin. Skýrsla frá nefndinni yrði síðan lögð til grundvallar þegar erindi Félags prófessora yrði tekið fyrir á aðalfundi.

Breytt rekstrarform ríkisstofnana

Þó nokkur mál sem tengjast áformum ríkisstjórnarinnar um breytt rekstrarform opinberra stofnana hafa komið inn á borð BHM á undanförunum mánuðum. Þar ber hæst frumvarp um RÚV sem ætlunin er að breyta í hlutafélag en sama gildir um Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins sem til stendur að sameina starfsemi sem nú fellur undir Iðntæknistofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands og Umhverfisstofnun, auk þess sem rætt hefur verið um hlutafélagavæðingu Flugmálastjórnar og fleiri stofnana. Rekstarformsbreytingar sem þessar hafa víðtæk áhrif á réttarstöðu starfsmanna því með breytingunni hætta þeir að vera opinberir starfsmenn og heyra því hvorki undir lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna né lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. BSRB og BHM hafa unnið að RÚV málinu saman enda hagsmunir félagsmanna þeir sömu í báðum heildarsamtökunum.

Lækkun endurgreiðslubyrði námslána

Fyrirferðarmikið mál á síðasta kjörtímabili var barátta fyrir lækkun endurgreiðslubyrði námslána. Helsti samstarfsaðili BHM í þeirri baráttu voru Samtök íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) en að auki komu 15 stéttarfélög og námsmannasamtök að málinu. Það er skemmst frá því að segja að allir stjórnsmálaflokkar sem buðu fram í þingkosningum í maí 2003 sögðust fylgjandi hugmyndum um lækkun endurgreiðslubyrði námslána og var það staðfest í stjórnarsáttmála Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Vorið 2004 setti menntamálaráðherra á laggirnar nefnd sem hafði það hlutverk að endurskoða lögin um LÍN og þótt BHM hafi ekki átt þar fulltrúa fengum við tækifæri til að koma fyrir nefndina og greina frá áhersluatriðum okkar. Í lögum sem sett voru í kjölfarið var endurgreiðslubyrðin lækkuð um eitt prósentustig eða úr 4,75% í 3,75% og má því segja að við höfum unnið fullnaðarsigur í málinu.

Innra starf Bandalags háskólamanna.

Stjórn BHM.

Í stjórn BHM á aðalfundi 2004 voru kosin Halldóra Friðjónsdóttir formaður (Útgarði), Elsa B. Friðfinnsdóttir varaformaður (Fíh) og meðstjórnendurnir Elín Soffía Ólafsdóttir (FH), Kolbrún Baldursdóttir (SÍ), Stefán Aðalsteinsson (KVH), Þóroddur Þórarinsson (PÍ) og Þórólfur Antonsson (FÍN). Auk stjórnarmanna situr framkvæmdastjóri stjórnarfundis. Á fyrsta fundi stjórnar þann 19. maí 2004 tók Stefán að sér starf gjaldkera og Þórólfur starf ritara. Í september 2005 tók Árni J. Árnason við sæti Stefáns sem vék úr stjórn. Á tímabilinu hélt stjórnin 40 fundi, auk vinnufunda, og voru fundirnir að jafnaði hálfsmánaðarlega. Fundir standa yfirleitt eina og hálfu til tvær klukkustundir. Á fundum stjórnar er farið yfir öll stærri mál sem lúta að rekstri og stefnu bandalagsins og tillögur gerðar til miðstjórnar.

Miðstjórn BHM.

Reglulegir fundir miðstjórnar eru haldnir þriðja miðvikudag í hverjum mánuði, en falla þó niður í júlí. Í miðstjórn eiga sæti fulltrúar félaganna skv. lögum bandalagsins. Miðstjórn fer með æðsta vald í málefnum samtakanna milli aðalfunda. Alls voru haldnir 28 miðstjórnarfundir þar af 6 aukafundir sem haldnir voru í lok árs 2004 og byrjun árs 2005 vegna kjara- og samningamála. Fundum miðstjórnar stýrir að jafnaði varaformaður BHM, Elsa B. Friðfinnsdóttir. Fundargerðir miðstjórnar eru birtar á heimasíðu samtakanna til að auka aðgengi félagsmanna að upplýsingum um störf bandalagsins og vísast til heimasíðunnar fremur en að láta fundargerðir fylgja aðalfundargögnum.

Fastanefndir BHM.

Alls voru skipaðar átta fastanefndir á tímabilinu en starfsemi þeirra var mismikil. Miðstjórn ákveður hvaða fastanefndir starfa, verksvið þeirra og skipan. Eftirfarandi nefndir störfuðu, en aftast í skýrslunni er birt yfirlit um alla kjörna fulltrúa á vegum BHM.

Laganefnd BHM (5 fulltrúar).

Lífeyrisnefnd BHM, (5 fulltrúar), formaður Páll Halldórsson.

Jafnréttisnefnd BHM (3 fulltrúar), formaður Elsa B. Friðfinnsdóttir.

Réttindanefnd BHM (5 fulltrúar), formaður Halldóra Friðjónsdóttir.

Nefnd um samskiptareglur á vinnumarkaði (5 fulltrúar), formaður Halldóra Friðjónsdóttir.

Nefnd um trúnaðarmenn (9 fulltrúar), formaður Þóroddur Þórarinsson.

Vinnuumhverfisnefnd (6 fulltrúar), formaður nú Ína B. Hjálmarsdóttir.

Mennta- og rannsóknarnefnd (7 fulltrúar), formaður Halldóra Friðjónsdóttir.

Sérnefndir BHM.

Á aðalfundi 2004 var ákveðið að skipa svokallaða framtíðarnefnd sem hefði það að markmiðið að skoða hvernig best væri að koma upplýsingum um starfsemi aðildarfélaganna og BHM til væntanlegra félagsmanna og virkja þá til starfa. Nefndin skilaði skýrslu í apríl 2006 og verður hún væntanlega rædd í vinnuhópi um aðildarmál á aðalfundi.

Miðstjórn BHM skipaði nefnd um aðild sjálfstætt starfandi einstaklinga haustið 2005 og skilaði hún álitum snemma árs 2006. Niðurstöðu þeirrar nefndar var vísað til nefndar á vegum stjórnar BHM um aðild að bandalaginu. Sú nefnd hefur skilað af sér skýrslu sem er til umfjöllunar á aðalfundinum.

Starfsmenn BHM.

Starfsmenn á skrifstofu BHM og sjóða í tengslum við BHM eru:
Bryndís Jónsdóttir, styrktar- og sjúkrasjóðsfulltrúi.

Halldór K. Valdimarsson upplýsingastjóri.
Jóhanna Engilbertsdóttir, fjármála- og rekstrarstjóri.
Jóna Jónsdóttir móttökufulltrúi.
Katrín Fjeldsted Jónsdóttir bókari.
Margrét Þórisdóttir, orlofs- og starfsmenntunarsjóðsfulltrúi.
Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri.

Ritun sögu BHM.

Stjórnin hefur rætt um ritun sögu BHM í tilefni af 50 ára afmæli bandalagsins haustið 2008. Var sú stefna mótuð að stiklað verði á stóru í sögu BHM á lifandi hátt en minni áhersla verði lögð á þurra upptalningu staðreynda. Áhersla verði lögð á þróun og breytingar í störfum og áherslum bandalagsins. Tekin verði viðtöl við félagsmenn og forsvarsmenn á breytinga- og átakatímum hjá bandalaginu eða þeirra eigin lýsingar birtar. Ritið skuli vera sem læsilegast og höfðað til félagsmanna BHM. Samið hefur verið við Friðrik G. Olgeirsson um ritun sögunnar, en hann hefur langa reynslu á þessu sviði.

Rekstur sjóða BHM.

Rekstur sjóða BHM hefur verið sívaxandi þáttur í starfsemi skrifstofunnar undanfarin ár. Um er að ræða Orlofssjóð BHM, Starfsmenntunarsjóð, Sjúkrasjóð og Styrktarsjóð. Sérstaklega hefur umsóknarfjöldi í Styrktarsjóð aukist með veitingu nýrra styrkja. Nokkur vinna hefur verið lögð í endurskoðun þjónustusamninga milli BHM og sjóðanna og mun sú vinna halda áfram. Skýrslur sjóðanna fylgja með aðalfundargögnum.

Skattskylda greiðslna úr sjóðum BHM.

Að beiðni BHM vann Skattasvið KPMG endurskoðunar skýrslu um skattskyldu greiðslna úr sjóðum BHM. Niðurstaða þeirrar skýrslu var að greiðslur úr Starfsmenntunarsjóði og vísindasjóðum félaganna væru framtalsskyldar en ekki bæri að taka staðgreiðslu af þeim. Einstaklingi er hins vegar heimilt að draga kostnað frá greiðslum. Greiðslur úr Styrktar- og Sjúkrasjóði BHM væru hins vegar bæði framtalsskyldar og sjóðunum skylt að draga af þeim staðgreiðslu, nema um væri að ræða dánarbætur og í mjög þröngum tilvikum styrki vegna veikinda eða slysa. Skýrsluna má finna á heimasíðu BHM. Svar Ríkisskattstjóra við fyrirspurn frá BHM var á svipuðum nótum. Því ákváðu stjórnir Sjúkrasjóðs og Styrktarsjóðs að dregin yrði staðgreiðsla af greiðslum úr sjóðunum frá og með árinu 2006, nema ef um væri að ræða dánarbætur.

Tilraun til innheimtu STEF-gjalda

Í júlí 2005 barst bréf þar sem óskað var eftir því að Orlofssjóður BHM greiddi leyfisgjöld til rétthafa vegna viðtækja í orlofshúsum sjóðsins – bæði til Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) og til Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH). Í svarbréfum var kröfunni hafnað og á fundi stjórnar sjóðsins í ágúst var sú afstaða áréttuð. Í bréfi til samtakanna dags. 9. september sagði m.a.: „Eins og boðað hafði verið í ofangreindu bréfi, dags. 19. júlí, fjallaði stjórn OBHM um kröfu STEFs og SFH um greiðslu leyfisgjalda vegna notkunar útvarps- og sjónvarpstækja í húsum sjóðsins á fundi í sl. mánuði. Stjórn var á einu máli um að í bréfi yðar, dags. 3. ágúst 2005, hefðu ekki komið fram nein ný rök sem réttlættu þessa gjaldtöku og því væri afstaða stjórnar sú sama og tíunduð var í bréfum dagsettum 1. og 19. júlí sl. Kröfu um leyfisgjald er því enn á ný hafnað og verði sjóðnum stefnt mun hann taka til varna fyrir dómi.”

Ekki hefur heyrst frekar frá samtökunum sem settu fram þessa kröfu og því óhætt að álykta að málflutningur þeirra hafi ekki verið talinn á rökum reistur.

Viðhorfskönnun BHM og tengdra sjóða.

Á vormánuðum 2005 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands viðhorfskönnun fyrir BHM og sjóði. Hvað varðar BHM töldu 60% svaranda sig hafa mjög eða frekar mikinn hag af tilvist og starfsemi BHM og 31% töldu sig hafa nokkurn hag af því. Alls töldu 79% að þeir myndu vilja vera í stéttarfélagi með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja ef þeir hefðu val og 17% myndu líklega vilja það. Flestir voru ánægðir með með alla þá þætti í starfsemi Starfsmenntunarsjóðs BHM sem spurt var um og mest var ánægjan með viðmót starfsfólks á skrifstofu og upplýsingar á vef sjóðsins. Alls höfðu 65% svarenda sótt um orlofshús hjá Orlofssjóði BHM og 77% fannst dreifð sumarhúsabyggð með minni þjónustu skipta meira máli en þétt sumarhúsabyggð með þjónustukjarna. Tæplega 40% svaranda höfðu fengið greiðslu úr Sjúkra- eða Styrktarsjóði BHM og aðeins tæpur þriðjungur taldi sig þekkja réttindi sín mjög eða frekar vel. Niðurstöður þessarar könnunar má nálgast á heimasíðu BHM og hafa þær þegar ratað inn í stefnumörkun sjóðanna og bandalagsins.

Vefrit og málstofa.

Vefrit BHM er gefið út síðasta fimmtudag í mánuði, að júlímánuði undanskildum. Vefritin má finna á heimasíðu BHM. Málstofa BHM er einnig haldin mánaðarlega, fyrsta mánudag í hverjum mánuði. Þar eru tekin fyrir mál sem eru ofarlega á baugi eða eru talin eiga erindi við félagsmenn.

Starf fulltrúa BHM í stofnunum sem BHM tilnefnir í

a) Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna

Kveðið er á um tilvist Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna (KOS) í lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Góður aðgangur að upplýsingum um laun og önnur starfskjör félagsmanna skiptir öllu þegar kemur að kjarasamningum og þar til á síðasta ári hefur KOS séð aðildarfélögum BHM fyrir þeim upplýsingum auk þess að gefa reglulega út hefti með lýsandi gögnum um launaþróun hjá hinu opinbera. Töluvert hefur verið kvartað yfir því að þessar upplýsingar séu ekki samanburðarhæfar við það sem Kjararannsóknarnefnd á almennum markaði birtir og eftir að starfsemi þeirrar nefndar var færð til Hagstofunnar hefur verið rætt um að gera slíkt hið sama við KOS. Það myndi tryggja samskonar meðhöndlun á öllum upplýsingum sem væri vissulega til bóta og hafa fulltrúar BHM, BSRB og KÍ í stjórn KOS lýst sig fylgjandi hugmyndinni. Hins vegar hefur ekki náðst full sátt um hvaða upplýsingar ríki og sveitarfélög skuli afhenda stéttarfélagunum beint og þar stendur hnífurinn í kúnni. Það er mjög brýnt að leysa þetta mál hið fyrsta því eins og kunnugt er hafa engar upplýsingar verið sendar til KOS frá ársbyrjun 2005.

b) Fjölskyldu- og styrktarsjóður BHM, BSRB og KÍ (FOS)

Í síðustu kjarasamningum var samið um hækkun framlaga í Fjölskyldu- og styrktarsjóð og er iðgjaldið nú alls 0,55% af heildarlaunum félagsmanna. Þessi viðbót (0,14%) tryggir að sjóðurinn stendur undir lögbundnum greiðslum sem samið var um í tengslum við breytingar á fæðingarorlofslöggjöfinni árið 2000. Sjóðurinn hefur það hlutverk að greiða þann mismun sem er á greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins og greiðslum sem tóku mið af reglugerð nr. 410/1989 um barnburðarleyfi starfsmanna ríkisins en samkvæmt þeirri reglugerð fengu

konur í þjónustu ríkisins full laun auk fastaðar yfirvinnu fyrstu þrjú mánuði fæðingarorlofs og dagvinnulaun í þrjú mánuði til viðbótar. Greiðslur eru mjög misháar og eftir breytingar á fæðingarorlofslögunum, sem annars vegar kveða á um hámarksupphæð og hins vegar lengra viðmiðunartímabil, er mun flóknara en áður að reikna út réttindi kvenna til greiðslna frá FOS. Þar sem reglugerðin sem vísað var til hér að ofan tók einungis til kvenna hefur frá upphafi verið litið svo á að konur ættu einar rétt á geislum úr sjóðnum. Karlmaður sem er félagsmaður í KÍ sótti um greiðslu úr sjóðnum haustið 2003 fékk þar af leiðandi synjun eins og aðrir karlar. Hann kærði málið til Kærunefndar jafnréttismála sem komst að þeirri niðurstöðu að um brot á jafnréttislögum væri að ræða. Sjóðsstjórn tók þá ákvörðun að breyta ekki reglum sjóðsins þrátt fyrir niðurstöðu kærunefndarinnar en mun að sjálfsögðu gera það komist dómstólar að sömu niðurstöðu. Það er ljóst að komi til þess duga iðgjöldin eins og þau eru nú engan veginn fyrir skuldbindingum og því eins líklegt að lækka verði greiðslur til kvenna.

c) HASLA

Í lok árs 2002 tókst fulltrúum BHM, BSRB, KÍ og SÍB að fá framlag til hagrannsóknna frá ríkinu í kjölfar þess að Þjóðhagsstofnun, sem sinna átti slíkum þörfum samtaka á borð við þessi, var lögð niður á árinu. Í kjölfarið var sett á fót Hagrannsóknarstofnun samtaka launafólks í almannapágu (HASLA) og var fyrsta verkefni hennar viðamikil starfskjarakönnun meðal félagsmanna BHM, BSRB og KÍ. Í skipulagsskrá HASLA kemur fram að 2/3 árlegra tekna skuli varið til sameiginlegra verkefna fyrir ofangreind fjögur samtök sem eiga aðild að henni en þriðjungur til eigin verkefna hverra samtaka. Á árinu 2005 stóð til að nýta HASLA til að kanna hvaða fjárhagslegu áhrif það gæti haft á lífeyrissjóði opinberra starfsmanna að fara úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengt kerfi eins og verið er að taka upp á almenna markaðnum. Þegar stjórn LSR hafði frumkvæði að slíkri vinnu var því sjálfhætt og varð því úr að greiða allan styrk ársins 2005 til aðildarsamtakanna. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um verkefni ársins 2006 en verið er að kanna möguleika á rannsókn sem m.a. gerði úttekt á hagkvæmni menntunar.

d) Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

Formaður BHM, Halldóra Friðjónsdóttir er fulltrúi í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, og tók við af fyrrverandi formanni sem hafði verið í stjórn frá upphafi, en sjóðurinn var stofnaður 28. júlí 1998 með samningi á milli BHM og BSRB fyrir hönd hlutaðeigandi stéttarfélaga annars vegar og hins vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd fjölmargra sveitarfélaga. Fulltrúar stofnaðila eiga sæti í stjórn sjóðsins og allir sjóðfélagar eiga rétt á setu á aðalfundum lífeyrissjóðsins með málfrelsi og tillögurétt um hvað eina er varðar starfsemi sjóðsins. LSS skiptist í tvær sameignardeildir, almenna deild og valdeild, auk séreignardeildar og sjóðfélagar geta valið hvorri sameignardeildinni þeir vilja tilheyra. Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga er ört stækkandi sjóður og hefur afkoma hans verið viðunandi á undanförunum árum, en eins og kunnugt er kom neikvæð ávöxtun erlendra skuldabréfa á árunum í kring um 2000 sér illa fyrir íslenska lífeyrissjóði. Hjá LSS var þessi ávöxtun neikvæð árin 2000, 2001 og 2002 en hins vegar hefur afkoman verið vel við unandi eftir það og á árinu 2005 var raunávöxtun 7,0%.

e) Samráð um endurskoðun eða afnám laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna (SELKO)

Í desember 2002 boðaði þáverandi fjármálaráðherra formenn BHM, BSRB og KÍ á sinn fund og var tilefnið ákvörðun hans þess efnis að setja á laggirnar vinnuhóp um endurskoðun laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna (94/1986), en endurskoðun eða afnám þessara laga hefur lengi verið meðal baráttumála BHM. Settur var á laggirnar vinnuhópur skipaður formönnum ofangreindra samtaka auk tveggja fulltrúa frá fjármálaráðuneyti, einum frá Launanevnd sveitarfélaga og einum frá Reykjavíkurborg. Vinnuhópnum var ætlað að meta kosti og galla þess fyrirkomulags sem við búum við varðandi kjarasamninga og kynna sér hvernig þessum málum væri háttað í nágrennalöndunum. Markmiðið var svo að koma með raunhæfar tillögur um framtíðarskipan kjarasamningsgerðar hjá opinberum starfsmönnum. Eins og kom fram í skýrslu aðalfundar 2004 fundaði hópurinn nokkuð stíft fyrstu mánuðina og fór auk þess í heimsóknir til þriggja landa til að kynna sér fyrirkomulag þar. Hins vegar hafði nefndin ekki lokið störfum þegar fjármálaráðherra boðaði breytingu á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna (70/1996) án samráðs við heildarsamtök opinberra starfsmanna. Þótt fallið hafi verið frá þeim fyrirætlunum hefur hópurinn ekki enn verið kallaður saman til að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið.

f) Atvinnuleysistryggingasjóður

Síðastliðið sumar var skipt um fulltrúa BHM í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Páll Halldórsson hafði verið aðalfulltrúi frá árinu 2001 og Björk Vilhelmsdóttir til vara en frá og með 30. júní 2005 er Halldóra Friðjónsdóttir aðalfulltrúi og Elsa B. Friðfinnsdóttir til vara. Þegar þing kemur saman að nýju í lok maí verða að öllum líkindum samþykkt ný lög um vinnumarkaðsaðgerðir og atvinnuleysistryggingasjóð og skv. þeim munu BHM og BSRB verða að koma sér saman um fulltrúa í stjórn sjóðsins annars vegar og í stjórn Vinnumálastofnunar hins vegar.

g) Verkefnisstjórn fimm ára verkefni til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði.

Formaður BHM var skipaður í ofangreinda verkefnisstjórn vorið 2005 og situr þar sem fulltrúi BHM, BSRB og KÍ. Verkefnisstjórnin var sett á laggirnar að tillögu nefndar félagsmálaráðherra sem vann að úttekt á stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði og er henni m.a. ætlað að stuðla að rannsóknum, auka fræðslu og hafa áhrif á viðhorf til umrædds hóps. Þegar er í undirbúningi rannsókn sem byggir á norskri fyrirmynd og er ætlunin að kynna hana á næstunni sem og önnur verkefni sem verkefnisstjórnin hyggst standa fyrir á þeim árum sem henni er ætlað að starfa.

Samstarf við innlend og erlend samtök

BHM hélt áfram samstarfi við önnur samtök launafólks um undirbúning og framkvæmd 1. maí og 8. mars, en einnig sat formaður í undirbúningsnefnd fyrir baráttu- og hátíðarfundinn sem haldinn var á Ingólfstorgi þann 24. október 2005 til að minnast þess að 30 ár voru liðin frá kvennafrídeginum. Einnig kom bandalagið að málþingi um sveigjanleg starfslok sem Öldrunarráð Íslands stóð fyrir í febrúar 2006 í samvinnu við launþegasamtök og fleiri aðila og varaformaður BHM, Elsa B. Friðfinnsdóttir, hélt erindi á fundi Félags forstöðumanna í nóvember sl. en fundarefnið var breytt starfsumhverfi ríkisstarfsmanna.

BHM á ekki aðild að neinum erlendum samtökum. Erlent samstarf felst eingöngu í óformlegum fundum með formönnum, framkvæmdarstjórum og öðrum starfsmönnum norrænu systursamtakanna. Hefur það gefist afar vel og munu formenn og framkvæmdastjórar koma til Íslands til fundar í sumar, en fundir eru haldnir árlega, til skiptis í norrænu ríkjunum

fimm. Þá er norrænt þing háskólamanna haldið á 3ja ára fresti, síðast í Helsinki í Finnlandi 2004, en þangað fóru fjórir fulltrúar frá BHM. Næsta sumar er svo röðin komin að BHM að halda slíkt þing.

Dómsmál sem BHM hefur kostað og önnur einstaklingsmál

Í samræmi við lögbundið hlutverk BHM skv. 2. mgr. 1. gr. laga samtakanna sækir BHM og ver fyrir þar til bærum stofnunum sameiginleg fordæmisgefandi réttinda- og kjaramál aðildarfélaganna og félagsmanna þeirra, sbr. reglur miðstjórnar um meðferð einstaklingsmála hjá BHM. Yfirleitt er álit laganefndar forsenda málarekstrar en sum mál eru sætt áður en til málsóknar kemur. Samþykki miðstjórn málarekstur kostar BHM málareksturinn – bæði vinnu lögmanns, framkvæmdarstjóra BHM, og málagjöld, matskostnað og hugsanlegan málskostnað. Þá eru ótalin þau kæru- og kvörtunarmál gagnvart stjórnvöldum og umboðsmanni Alþingis sem fulltrúar aðildarfélaganna reka sjálf en leita óformlegrar ráðgjafar hjá BHM. Sama er að segja um fjölmörg rökstuðnings- og starfslokamál sem rekin eru hjá aðildar-félögunum.

Helstu mál sem BHM annaðist voru eftirfarandi:

- Viðurkenning á bótaskyldu ríkisins vegna árásar geðfatlaðs einstaklings á hjúkrunarfræðing, dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. júní 2004, nr. 14885/2003.
- Fallið frá máli sem unnið var að fyrir félagsmann FÍN. Honum var sagt upp vegna skipulagsbreytinga en þar sem viðkomandi fékk aðra sambærilega vinnu hjá ríkinu var ekki lengur grundvöllur fyrir dómsmáli.
- Rekstur dómsmáls í svokölluðu “umbunarmáli” gegn Heilsugæslunni í Reykjavík (sjá laganefndarálit LN 04-4).
- Sátt náðist í máli þar sem til stóð að skerða orlofsréttindi starfsmanns sem hætti störfum til móts við “ónóg” skil á yfirvinnu (sjá laganefndarálit LN 04-5).
- Mál hjúkrunarfræðings sem hlaut skaða af menguðu andrúmslofti á vinnustað vannst að fullu við Héraðsdóm Reykjavíkur (sjá dóm nr. 6481/2004 á slóðinni <http://www.domstolar.is/>). Ekki er ljóst á þessari stundu hvort málinu verður vísað til Hæstaréttar.
- Mál sem höfðað var vegna hjúkrunarfræðings sem ekki naut sömu greiðslna og aðrir hjúkrunarfræðingar á næturvöktum tapaðist fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Málskostnaður var felldur niður. (Sjá laganefndarálit LN 04-1)

Kjörnir forystumenn BHM, fulltrúar BHM í nefndum og ráðum BHM.

Stjórn BHM 2004-6:

- Halldóra Friðjónsdóttir formaður (Útgarður)
- Elsa B. Friðfinnsdóttir varaformaður (Fíh)
- Stefán Aðalsteinsson gjaldkeri (KVH) (til ágúst 2005)
- Árni Jón Árnason gjaldkeri (KVH) (frá september 2005)
- Þórólfur Már Antonsson ritari (FÍN)
- Elín Soffía Ólafsdóttir meðstjórnandi (FH)
- Kolbrún Baldursdóttir meðstjórnandi (SSÍ)
- Þóroddur Þórarinsson meðstjórnandi (ÞÍ)

Í miðstjórn BHM eiga – auk stjórnar BHM sem situr án atkvæðisréttar – sæti formenn aðildarfélaganna eða formenn kjaranefnda þeirra og fleiri eftir stærð. Áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt eru starfsmenn bandalagsins og aðildarfélaganna.

Eftirfarandi einstaklingar sitja í innri nefndum og trúnaðarstöðum BHM:

1. laganefnd BHM:

- Kristín Benediksdóttir (SL)
- Brynhildur Flóvenz (SL)
- Guðmundur Skúli Hartvigsson (SL)
- formaður BHM (Halldóra Friðjónsdóttir)
- framkvæmdarstjóri BHM (Stefán Aðalsteinsson)

2. lífeyrisnefnd BHM:

- Páll Halldórsson (FÍN), formaður nefndarinnar
- Halldóra Friðjónsdóttir (BHM)
- Helgi Tómasson (FH)
- Elsa B. Friðfinnsdóttir (Fíh)
- Martha Á. Hjálmarsdóttir (FL)

3. jafnréttisnefnd BHM:

- Elsa B. Friðfinnsdóttir (Fíh), formaður nefndarinnar
- Rósa Erlingsdóttir (FH)
- Ingi Jón Hauksson (SSÍ)

4. réttindanefnd BHM:

- Halldóra Friðjónsdóttir (BHM), formaður nefndarinnar
- Auður Antonsdóttir (FÍN)
- Elsa B. Friðfinnsdóttir (Fíh)
- Þórný Hlynisdóttir (FH)

5. nefnd um samskiptareglur á vinnumarkaði

- Halldóra Friðjónsdóttir (BHM), formaður nefndarinnar
- Elsa B. Friðfinnsdóttir (Fíh)
- Jón Gunnar Grjetarsson (FF)
- Salóme Þórsdóttir (ÞÍ)
- Páll Halldórsson (FÍN)

6. Nefnd um störf og réttindi trúnaðarmanna
 - Þóroddur Þórarinsson (ÞÍ), formaður nefndarinnar
 - Halldór K. Valdimarsson (Útgarður)
 - Dagbjört H. Kristinsdóttir (Fíh)
 - Helga Birna Ingimundardóttir (Fíh)
 - Svava Steinarsdóttir (FÍN)
 - Margrét S. Jónsdóttir (SÍF)
 - Birna Ólafsdóttir (LMFÍ)
 - Arndís Bjarnadóttir (SSÞ)
 - Margrét Geirsdóttir (SHMN)

7. Vinnuumhverfisnefnd
 - Ína Björg Hjálmarsdóttir (FÍN), formaður nefndarinnar
 - Sverrir Óskarsson (SÍF), varaformaður nefndarinnar
 - Helga Birna Ingimundardóttir (Fíh)
 - Jónína Guðjónsdóttir (FG)
 - Sólveig Steinsson (ÞÍ)

8. Mennta- og rannsóknarnefnd BHM
 - Halldóra Friðjónsdóttir (BHM), formaður nefndarinnar
 - Herdís Sveinsdóttir (FH)
 - Ólafur G. Kristjánsson (FHSS)
 - Steinunn Helga Lárusdóttir (KKHÍ)
 - Jóhannes R. Sveinsson (FH)
 - Þegar fjallað er um vísindamál og rannsóknarstyrki einnig:
 - dr. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (FÍF)
 - Þórólfur Antonsson (FÍN)

9. Aðalstjórn húsfélagsins Ásbrúar sf. og Húsfélags BHM
 - Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdarstjóri BHM
 - *til vara* Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM

10. Viðræðunefnd um gerð kjarasamnings fyrir háskólamenn almennum vinnumarkaði
 - Halldóra Friðjónsdóttir (BHM),
 - Stefán Aðalsteinsson (BHM),
 - Helga Birna Ingimundardóttir (Fíh),
 - Ingi Jón Hauksson (SSÍ),
 - Þrúður G. Haraldsdóttir (FÍN),
 - Sigríður Björnsdóttir (Fh)
 - *Til vara*
 - Þórólfur Antonsson (FÍN)
 - Þóroddur Þórarinsson (ÞÍ)

11. Framtíðarnefnd:
 - Halldóra Friðjónsdóttir (BHM), formaður nefndarinnar
 - Anna Lilja Magnúsdóttir (ÞÍ)
 - Fríða Björg Leifsdóttir (Fíh)
 - Bryndís Ósk Gestsdóttir (SÍF)
 - Þórólfur Antonsson (FÍN)

12. Stjórn Vinnudeilusjóðs BHM:
 - Halldóra Friðjónsdóttir (BHM), formaður sjóðsstjórnar
 - Elsa B. Friðfinnsdóttir (Fíh)
 - Páll Halldórsson (FÍN)
13. Félag skjörnir skoðunarmenn reikninga:
 - Björn Arnar Magnússon (FHSS)
 - Helgi Gestsson (FHA)
 - *til vara* Margrét Geirsdóttir (SHMN)

Eftirfarandi einstaklingar sitja í stjórnnum sjóða sem skrifstofa BHM sér um rekstur á og f.h. BHM í stjórnnum sjóða í tengslum við BHM.

1. fulltrúi í stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs:
 - Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM
 - til vara Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdarstjóri BHM
2. stjórn Orlofssjóðs BHM:
 - Unnur V. Ingólfssdóttir (SÍF), formaður
 - Samúel Örn Erlingsson (Útgarði), varaformaður
 - Sigmundur Stefánsson (KVH), gjaldkeri
 - Sigurður Einarsson (SHMN), ritari
 - Ingi P. Bjarnason (FH)
 - Salóme A. Þórisdóttir (ÞÍ)
 - Sigurbjörg Gísladóttir (FÍN)
3. stjórn Starfsmenntunarsjóðs BHM (STRIB):
 - Lárus Ögmundsson – skipaður af fjármálaráðherra, formaður
 - Birgir Guðjónsson – skipaður af fjármálaráðherra
 - Brynja Gunnlaugsdóttir (FÍN)
 - Edda Sóley Óskarsdóttir (FL)
4. stjórn Styktarsjóðs BHM (St.BHM):
 - Ingunn Sigurgeirsdóttir (tilnefnd af Fíh), formaður
 - Aðalheiður Þórarinsdóttir (SSP), ritari
 - María Þorsteinsdóttir (FH),
 - Þórir Sigurðsson (FHA)
 - Guðbjörg Edda Hermannsdóttir (SÍF),
 - til vara Helga Tulinius (FÍN)
5. stjórn Sjúkrasjóðs BHM:
 - Ingibjörg Halldórsdóttir (FL), formaður
 - Þrúður G. Haraldsdóttir (tilnefnd af FÍN), varaformaður
 - Emil B. Karlsson (Útgarður),
 - Halla Hauksdóttir (FL)
 - Helga Birna Ingimundardóttir (Fíh)
6. stjórn Hagrannsóknarstofnunar samtaka launafólks í almannajónustu (HASLA):
 - formaður BHM (Halldóra Friðjónsdóttir),

Eftirfarandi einstaklingar eru fulltrúar BHM í varanlegum samstarfsnefndum og öðrum fastanefndum sem BHM skipar í ásamt öðrum.

1. ferðakostnaðarnefnd skv. ákvæði 5.8.1 í kjarasamningum:
 - Þórólfur Antonsson (FÍN)
 - *til vara* Ólafur G. Kristjánsson (FHSS)
2. kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna :
 - Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM
 - *til vara* Helga Birna Ingimundardóttir, hagfræðingur Fíh
3. samráðsnefnd BHM, BSRB og Reykjavíkurborgar um réttindi og skyldur borgarstarfsmanna:
 - Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdarstjóri BHM
 - *til vara* Kolbrún Ögmundsdóttir (SÍF)
4. samráðsnefnd BHM, BSRB, KÍ, launanefndar sveitarfélaga, ríkis og Reykjavíkurborgar um launuð forföll vegna veikinda eða slysa:
 - Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdarstjóri BHM
 - *til vara* Þrúður G. Haraldsdóttir, framkvæmdarstjóri FÍN
5. samráðsnefnd um vinnutíma:
 - Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdarstjóri BHM
 - *til vara* Helga Birna Ingimundardóttir, hagfræðingur Fíh
6. samstarfsnefnd BHM og fjármálaráðherra:
 - Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM (BHM)
 - Elsa B. Friðfinnsdóttir (Fíh)
 - Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdarstjóri BHM
7. samstarfsnefnd BHM og Reykjavíkurborgar:
 - Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM (BHM)
 - Elsa B. Friðfinnsdóttir (Fíh)
 - Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdarstjóri BHM
8. starfsnefnd stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um túlkun eftirmannsreglu o.fl. vafamál
 - Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdarstjóri BHM

Eftirfarandi einstaklingar eru fulltrúar BHM í öðrum varanlegum stjórnnum eða stofnunum utan BHM:

1. stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs
 - Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM
 - *til vara* Elsa B. Friðfinnsdóttir (Fíh)
2. stjórn Vinnueftirlits ríkisins
 - Herdís Sveinsdóttir (FH)
 - *til vara* Karen Bjarnhéðinsdóttir (SSP)

3. stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins:
 - Páll Halldórsson (FÍN); formaður stjórnar LSR árið 2005
 - *til vara* Martha Á. Hjálmarsdóttir (LF)
4. stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga
 - Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM (BHM)
 - *til vara* Inga Rún Ólafsdóttir, framkvæmdarstjóri HugGarðs
5. dómarrar í Félagsdóm
 - Magnús I. Erlingsson hdl.
 - *til vara* Brynhildur Flóvenz lögfræðingur
6. samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis og samtaka aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd reglna á sviði félagsmála sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu
 - Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM
 - *til vara* Ólafur Grétar Kristjánsson (FHSS)
7. stjórn Endurmenntunarstofnunar
 - Ágúst Úlfar Sigurðsson (Útgarði)
 - *til vara* Kolbrún Baldursdóttir (SÍ).
8. Málræktarsjóður
 - Þórir Sigurðsson (FHA)
9. Vinnuhópur BHM, BSRB og fjármálaráðerra um málefni vaktavinnufólks.
 - Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM
 - Elsa B. Friðfinnsdóttir, varaformaður BHM
 - *til vara* Kristbjörg Magnúsdóttir (LMFÍ)
 - *til vara* Helga Birna Ingimundardóttir (Fíh)
10. Sáttanefnd skv. samkomulagi 23 aðildarfélaga við ríkið.
 - Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM
 - Elsa B. Friðfinnsdóttir, varaformaður BHM
 - Inga Rún Ólafsdóttir (Huggarður)
 - *til vara* Ólafur G. Kristjánsson (FHSS)
 - *til vara* Helga Birna Ingimundardóttir (Fíh)
 - *til vara* Salóme Þórisdóttir (PÍ)
11. Starfshópur um efni tilskipana Evrópusambandsins um bann við mismunum með hliðsjón á íslenskum vinnumarkaði.
 - Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri BHM